

## REGLUGERÐ

um sérstakt vörugjald samkvæmt hafnalögum nr. 69/1984, sbr. lög nr. 1/1992.

### I. KAFLI

#### Gildissvið.

##### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

### II. KAFLI

#### Um sérstakt vörugjald.

##### 2. gr.

Sérstakt vörugjald samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 11. gr. hafnalaga, nr. 69/1984, skal renna í sérstaka deild við hafnabótasjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjöld, skv. 2. tl. 1. mgr. 11. gr. laganna, og skal tekjum af því varið til að standa straum af framkvæmdum við almennar hafnargerðir, eftir því sem nánar segir í hafnalögum og ákveðið er í fjárlögum ár hvert.

### III. KAFLI

#### Uppgjörstímabil og gjalddagar.

##### 3. gr.

Uppgjörstímabil skulu vera sex á ári og taka yfir tvo mánuði hvert, janúar-febrúar, mars-apríl, maí-júní, júlí-ágúst, september-október og nóvember-december.

Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok hvers uppgjörstímabils. Innheimtuaðila ber að skila gjaldinu eigi síðar en á gjalddaga sem jafnframt er eindagi.

### IV. KAFLI

#### Innheimta og skil.

##### 4. gr.

Sömu aðilar og innheimta vörugjöld skv. 2. tl. 1. mgr. 11. gr. hafnalaga nr. 69/1984, skulu innheimta og standa skil á sérstöku vörugjaldi skv. 2. gr. þessarar reglugerðar.

Gjaldið skal innheimt með sama hætti og um leið og vörugjöld skv. 2. tl. 1. mgr. 11. gr. eru innheimt til hafnarsjóðs.

##### 5. gr.

Reynist gjaldið í einhverjum tilvikum óinnheimtanlegt ber innheimtuaðila að gera Hafnamálastofnun ríkisins grein fyrir því, stutt skriflegum gögnum s.s. um árangurslaust lögtak, gjaldþrotaúrskurði eða sambærilegum gögnum.

##### 6. gr.

Innheimtuaðila ber að gera Hafnamálastofnun ríkisins grein fyrir því gjaldi sem fellur til á hverju uppgjörstímabili, skv. 3. gr., í því formi sem Hafnamálastofnun ákveður.

Hafnamálastofnun ríkisins hefur eftirlit með innheimtu og skilum á sérstöku vörugjaldi.

##### 7. gr.

Innheimtuaðila ber að halda sérstöku vörugjaldi aðgreindu á reikningum og í bókhaldi sínu.

### V. KAFLI

#### Ábyrgð og viðurlög.

##### 8. gr.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki hjá þeim aðila sem standa ber skil á gjaldinu til innheimtuaðila. Gjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila sem skuldar gjaldið.

## 9. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjaldsins til innheimtuaðila. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjaldið er greitt. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda gjaldsins.

## 10. gr.

Greiða skal gjaldið áður en skip fer burt úr höfn. Enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta eða tollstjóra nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt gjaldið.

## 11. gr.

Hafi innheimtuaðili gjaldsins ekki staðið skil á gjaldinu á gjalddaga er heimilt að reikna dráttarvexti frá og með næsta degi á eftir.

## VI. KAFLI

**Annað.**

## 12. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins annast í umboði ráðherra vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald hinnar sérstöku deildar við hafnabótasjóð.

## 13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í hafnalögum nr. 69/1984, sbr. 29.–32. gr. laga nr. 1/1992, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 28. janúar 1992.*

**Halldór Blöndal.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

**AUGLÝSING****um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 13. janúar staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar sem staðfest var 8. desember 1982.

Breyting þessi snertir miðhverfi í Setbergi, legu Reykjanesbrautar og byggð í Mosahlíð norðan Kaldárselsvegar.

Breytingin og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

*Umhverfisráðuneytið, 13. janúar 1992.*

F. h. r.  
**Páll Línal**

*Hrafn Hallgrímsson.*